

1. þrep - deildir		2. þrep - sérhæfð íhlutun		3. þrep – lausnaleit í brúarteymi
Skimanir- og skráningar		Skimanir- og skráningar		Lausnaleit
Félagsfærni - gátlisti		Orðaskil		Úrræðalisti leikskólans
Málþroski - gátlisti		TRAS		Eyðublað B
Hreyfiþroski og sjálfshjálp - gátlisti		Íslenski þroskalistinn		
AHA-skráningar		Smábarnalistinn		
Orðaskil		AAL-listinn		
TRAS		AEPS		
Gerd Strand				
Hljóm-2				
Bjargir (Snemmtæk íhlutun)				
Úrræði		Úrræði		Úrræði/ eyðublað C
Gefðu 10		Stuðningur við barn (3.fl.)		Talmeinafræðingur/ málþroskamat
Lærum og leikum með hljóðin		Einstaklingsþjálfun		Sálfræðingur/ þroskamat
Lubbi		Hópaþjálfun		Sérkennslufulltrúi/ ráðgjöf
Málörvun - málörvunarhópar		BeanFee		Kennslufulltrúi fjölmenningar/ ráðgjöf
Myndrænt dagskipulag		Atferlisíhlutun		Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar/ ráðgjöf
Myndræn stýring		Ráðgjöf fyrir deild		PMTO foreldranámskeið
PECS - myndir		Ráðgjöf - eyðublað A		Klókir litlir krakkar
Boðskiptakippur		Námskrá/ áætlun		Fjölskyldu- og barnamálasvið/ málstjóri
Stig af stigi				
Blær				
Félagsfærnisögur				
Tilfinningaspjöld				
Teymisfundir með foreldrum				
SMT				
Vinna með boðskipti t.d. Bína				
Orðabók barnsins				

Leikskóli – þrepaskipting vinnu á stigi 1

1. þrep - deildin:

Byrjað er á að kortleggja stöðu barns og eru gátlistar leikskólans (félagsfærni, málþroski, hreyfiproski og sjálfshjálpi) nýttir við það. Gátlistarnir, úrræðalisti leikskólans og deildarskipulag er síðan haft til hliðsjónar þegar íhlutun er skipulögð. Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur.

Ef íhlutun skilar ekki tilætluðum árangri á þeim tíma þá er hægt að vísa máli til lausnaleitar í samráðsteymi leikskólans. Samráðsteymi getur vísað máli aftur í vinnslu á þrep 1 (deild) með tillögum að breytingum á íhlutun. Samráðsteymi getur líka ákveðið að vísa máli yfir á þrep 2 (sérhæfð íhlutun).

2. þrep – sérhæfð íhlutun:

Kortlagning á stöðu barns á þrepi 2 felur í sér frekari skimanir og athuganir (sjá úrræðalista). Íhlutun er svo skipulögð út frá þeirri kortlagningu. Hægt er að óska eftir ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs fyrir deildir, hópa eða allan leikskólann á eyðublaði A (kennslufulltrúi fjölmennningar, sérkennslufulltrúi leikskóla, talmeinafræðingar, sálfræðingar, verkefnisstjóri PMTO).

Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur. Ef hún skilar ekki tilætluðum árangri þá getur samráðsteymi ákveðið að vísa máli til lausnaleitar í Brúarteymi leikskólans. Það er ávallt gert í samráði við forsjáraðila. Forsjáraðilar þurfa á þessu stigi að skrifa undir beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns. Einnig þarf að fylla út eyðublað B.

3. þrep – lausnaleit í brúarteymi:

Á fundum brúarteymis fer fram þverfagleg lausnaleit í málum sem er vísað þangað. Farið er yfir eyðublað B og er úrræðalisti leikskólans hafður til hliðsjónar í þeirri vinnu. Brúarteymi getur ákveðið að vísa máli aftur á þrep 1 (deild) eða þrep 2 (sérhæfð íhlutun) með tillögum að breytingum á íhlutun.

Brúarteymi getur einnig ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 samkvæmt verkfelum Brúarinnar. Þá er eyðublað C fyllt út. Þar er m.a. hægt að óska eftir mati talmeinafræðings og sálfræðings, ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar og námskeiðum fyrir foreldra.